



FJÖLMIÐLANEFND

15. ágúst 2018
Ákvörðun nr. 3/2018

Óheimil kostun fréttatengds efnis og brot á reglum um hlutlægni og friðhelgi einkalífs í fréttatengdri umfjöllun um Aserta-málið í þáttunum *Gjaldeyriseftirlitið*, í þáttaröðinni *Atvinnulífið*, sem sýndir voru á Hringbraut 2. og 10. október 2017.

I. Málsvik

Þann 2. og 10. október 2017 voru til sýninga á sjónvarpsstöðinni Hringbraut þættir í þáttaröðinni *Atvinnulífið*, *Gjaldeyriseftirlitið*, þar sem til umfjöllunar var svokallað Asertamál. Þættirnir voru jafnframt birtir á vef Hringbrautar, Hringbraut.is. Þættirnir voru í umsjón Sigurðar K. Kolbeinssonar og framleiddir af Köben ehf. Í sjónvarpi munu þættirnir ekki hafa verið auðkenndir sérstaklega sem kostaðir þættir, en í viðtali Stundarinnar við Sigurð Kolbeinsson, framleiðanda þáttanna *Atvinnulífið*, sem birt var á vef Stundarinnar 15. febrúar 2018, fullyrti Sigurður að Samherji hefði kostað þættina „að langmestu leyti“. Á vef Hringbrautar virðast þættirnir auðkenndir sem viðskiptaboð með orðinu „kynning“. Í texta á vef Hringbrautar segir um fyrri þáttinn:

Kynning: Gjaldeyriseftirlitið 3.10.2017

Sigurður K. Kolbeinsson kynnir sér Aserta-málið og ræðir við fjölda málsmetandi aðila varðandi aðferðir Seðlabanka Íslands við rannsókn og kærur á hendur meintum sakborningum sem allir voru sýknaðir. Myndataka var í höndum Friðþjófs Helgasonar.

Þá segir í texta á vef Hringbrautar um seinni þáttinn:



FJÖLMIÐLANEFND

Kynning: Gjaldeyriseftirlitið 10.10.2017

Síðari þáttur Atvinnulífsins fjallar um húsleit hjá Samherja hf. ásamt fleiri málum sem gjaldeyriseftirlit Seðlabankans stóð fyrir á árinu 2012 en engan árangur bar. Einnig er fjallað um vafasamar aðferðir Seðlabankans við þær aðgerðir sem fram fóru. Seðlabankastjóra var boðið að veita svör við þeirri miklu gagnrýni sem að honum og bankanum beindust en hann sá sér ekki fært að verða við því boði sökum anna.

Aserta-málið dregur nafn sitt af rannsókn Seðlabanka Íslands á ætluðum brotum sænska félagsins Aserta AB og tengdra aðila á gjaldeyrisreglum bankans. Málið hófst með húsleit sem unnin var í samstarfi gjaldeyriseftirlits Seðlabankans og embættis sérstaks saksóknara í mars 2012. Fjórir Íslendingar voru ákærðir vegna málsins en sýknaðir fyrir héraðsdómi í desember 2014 og féll ríkissaksóknari frá áfrýjun málsins í febrúar 2016.

Í upphafi fyrri þáttarins um *Gjaldeyriseftirlitið* upplýsir þáttastjórnandi að upphaflega hafi ætlunin verið að fjalla um efnahagslífið á Íslandi að afloknum gjaldeyrishöftum. En í ljósi ummæla viðmælenda þáttarins hafi þátturinn tekið nýja stefnu. Því hafi verið ákveðið að beina kastljósi þáttarins að Seðlabanka Íslands, einkum að kærum bankans á hendur Aserta-mönnum og Samherja, auk fleiri mála. Tekið er fram af hálfu þáttastjórnanda að forsvarsmönnum Seðlabankans hafi verið boðið að koma í þáttinn og veita svör við þeirri gagnrýni sem að þeim beinist í þættinum en hafi þeir allir afþakkað boðið. Þá tekur þáttastjórnandi einnig fram að hljóðbrot af samtali Þorsteins Más Baldvinssonar, forstjóra Samherja, við [MG] seðlabankastjóra, sem miðlað er í lok þáttarins, sé „algjörlega á ábyrgð Þorsteins Más,“ eins og þáttastjórnandi orðar það.

Efni þátta

Gjaldeyriseftirlitið 3.10.2017

Fyrri þáttur *Gjaldeyriseftirlitsins* er 29 mínútur að lengd. Í honum er fyrst rætt við Vilhjálm Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst og fyrrum framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, um aðdraganda þess að gjaldeyrishöftum var komið á haustið 2008. Í viðtalinu gagnrýnir Vilhjálmur þær valdheimildir sem Seðlabanka Íslands voru þá færðar og frammistöðu bankans við að framfylgja gjaldeyrishöftunum.

Næst er talað við Garðar Gíslason lögmann og hann kynntur með eftirfarandi hætti af hálfu þáttastjórnanda: „Garðar Gíslason er hæstaréttarlögmaður og fyrrverandi varaskatranssóknarstjóri ríkisins. Hann hefur mikla reynslu af lögmannsstörfum og samskiptum við eftirlitsstofnanir.“ Ekki er tekið fram að Garðar hafi sinnt lögmannsstörfum



FJÖLMIÐLANEFND

fyrir Samherja hf. Garðar er spurður álit um framkvæmd og eftirlit með gjaldeyrishöftunum og gagnrýnir hann sömuleiðis viðtækar valdheimildir Seðlabanka Íslands og hvernig með þær var farið.

Rætt er við Pál Gunnar Pálsson, forstjóra Samkeppniseftirlitsins, og Bryndísi Kristjánsdóttur, skattrannsóknarstjóra ríkisins um hlutverk eftirlitsstofnana og framkvæmd rannsókna í stjórnsýslu. Þá er Jafet Ólafsson viðskiptafræðingur spurður um álit hans á störfum Seðlabanka Íslands, þá einkum eftirliti með reglum um gjaldeyrismál. Gefur hann Seðlabankanum fallelkunn í þeim efnum.

Birt er brot úr viðtali við [IG], fyrsta forstöðumann gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands, sem sýnt var í Fréttaukanum á RÚV 7. desember 2009, en þar lýsti [I] því hvernig meint brot ónefndra, innlendra aðila gegn gjaldeyrishöftum fari fram í gegnum erlend félög sem stofnuð séu af sömu aðilum í þeim tilgangi að sinna milligöngu á aflandsmarkaði.

Rætt er við Karl Löve Jóhannsson, stofnanda Aserta AB, og fer hann m.a. yfir það að áður nefnd [I] hafi verið fengin félaginu til ráðgjafar áður en hún hafi ráðið sig sem forstöðumaður gjaldeyriseftirlits bankans. Hafi forsvarsmenn Aserta fagnað ráðningu hennar hjá Seðlabankanum og talið að ef eitthvað væri athugavert við starfsemi Aserta AB myndi hún láta forsvarsmenn félagsins vita af því. Það hafi [I] ekki gert og hafi þögn hennar verið túlkuð svo að hún væri fullkomlega sátt við viðskiptahætti félagsins. Þá kemur fram að forsvarsmenn Aserta hafi ekki vitað að þeir væru til rannsóknar hjá Seðlabanka Íslands fyrr en daginn sem þeir hafi verið handteknir, sbr. eftirfarandi brot úr viðtali þáttastjórnanda við Karl Löve:

Þáttastjórnandi: Hvenær vissuð þið að þið væruð til rannsókna hjá yfirvöldum?

KLJ: Það var ekki fyrr en daginn sem við vorum handteknir. Þá kem ég upp á skrifstofu og mæti þar fjölda fólks. Þar stígur fram maður sem segist vera frá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og að þarna sé að fara fram húsleit vegna gruns um brot á gjaldeyrisreglum Seðlabankans. Og hann réttir mér bréf með bréfhaus Seðlabankans og undirritað af [I]

Þáttastjórnandi: Hvernig var þér við það þegar þú sást þetta?

KLJ: Mér rak í rogastans þegar ég sá þetta og trúði ekki mínum eignum augum.

Þáttastjórnandi: Sko, fyrirgefðu, manneskja sem þið eruð búnir að vera í samskiptum við, ef ég skil þetta rétt, sem að ja, þínu mati var að ráðleggja ykkur og þið að reyna að leitast við að fara eftir hennar ráðum, er orðinn starfsmaður Seðlabankans og hún stendur í raun og veru á bak við handtökuna. Ef ég skil þetta rétt. Er þetta rétt svona?

KLJ: Sem sagt, þessi húsleit og handtaka okkar leiddi beint af þessu bréfi sem hún sendir sjálf til lögreglunnar og kærir okkur fyrir að hafa brotið gegn þeim reglum og



FJÖLMIÐLANEFND

lögum sem hún var sjálf að ráðleggja okkur um nokkrum mánuðum áður. Já, ég benti lögreglumönnum eða forsvarsmanni rannsóknarinnar strax á þetta að það væri nú einkennilegt að svona aðgerðir væru að fara fram á grundvelli bréfs frá lögmanninum sem hafði verið okkar ráðgjafi við uppsetningu á þessum viðskiptum. Það kom mikið fát á stjórnanda rannsóknarinnar út af þessu en það var bara því miður of seint að benda á þetta því á sama tíma fór fram blaðamannafundur hjá ríkislögreglustjóra þar sem [I] sat fyrir svörum varðandi þessa kæru hennar, ásamt Gunnari Andersen sem þá var forstjóri Fjármálaeftirlitsins og Helga Magnússyni sem var saksóknari. Eftir þennan blaðamannafund sem var haldinn þarna í lok janúar 2010 að þá gerðist ekkert í tvö ár. Við vorum aldrei kallaðir til skýrslutöku. Það var bara eins og málið hafi dáíð.

Í þættinum er auk þess rætt við Hreiðar Eiríksson, yfirmann rannsókna hjá gjaldeyriseftirliti Seðlabankans, og Valtý Sigurðsson, þáverandi ríkissaksóknara, og þeir spurðir út í efni fundar í innanríkisráðuneytinu 14. febrúar 2011, sem þeir sátu, auk ríkislögreglustjóra og fulltrúa ráðuneytisins. Kemur fram að Hreiðar hafi lagt til að Aserta-málið yrði fellt niður, þar sem refsheimildir þættu ekki hafa trausta lagastoð. Aðspurður staðfestir Valtýr að ríkislögreglustjóri hafi lagst gegn því á fundinum að málið yrði fellt niður þar sem það myndi líta illa út fyrir embættið.

Fram kemur gagnrýni Karls Löve Jóhannssonar á drátt málsins fyrir dómstólum sem haft hafi afdrifarík áhrif á ákærðu. Fallið hafi sýknudómur í héraði í desember 2014. Ríkissaksóknari hafi áfrýjað þeirri niðurstöðu í janúar 2015 en fallið frá áfrýjun í febrúar 2016.

Í lok fyrri þáttar *Gjaldeyriseftirlitsins* er leikið hljóðbrot af samtali [MG] seðlabankastjóra við forstjóra Samherja, Þorstein Má Baldvinsson, þar sem málefni Aserta-manna ber á góma og virðist samtalið vera tekið upp án vitundar seðlabankastjóra.

Gjaldeyriseftirlitið 10.10.2017

Seinni þáttur *Gjaldeyriseftirlitsins* er 29 mínútur að lengd. Í honum er rætt við Þorstein Má Baldvinsson, forstjóra Samherja, um húsleit sem gerð var hjá fyrirtækinu í Reykjavík og á Akureyri. Leikin eru fleiri hljóðbrot af samtölum Þorsteins við [MG] seðlabankastjóra þar sem seðlabankastjóri lýsir m.a. því mati að kannski hafi verið gengið allt of langt við húsleit hjá Samherja en Seðlabankinn hafi þó ekki stjórnað húsleitinni, einungis óskað eftir henni.

Þá er rætt aftur við Garðar Gíslason hæstaréttarlögmann og að þessu sinni er upplýst um tengsl hans við Samherja í borða neðst á skjánum með textanum *Garðar Gíslason hrl. lögmaður Samherja*. Einnig er rætt við Hreiðar Eiríksson, yfirmann rannsókna hjá gjaldeyriseftirliti



FJÖLMIÐLANEFND

Seðlabankans og auk þess Þorstein Mía Baldvinsson, forstjóra Samherja, um hans sýn og upplifun af rannsókn Seðlabankans.

Í inngangi seinni þáttarins, líkt og í hinum fyrri, kemur fram að [MG] seðlabankastjóra hafi verið boðið að koma sjónarmiðum sínum að en hafi hann ekki getað þegið boðið sökum anna. Þá ítrekar þáttastjórnandi að þau hljóðbrot af samtölum Þorsteins Mías Baldvinssonar, forstjóra Samherja hf., og [MG] seðlabankastjóra, sem leikin séu í þættinum séu algerlega á ábyrgð Þorsteins Mías. Jafnframt er rætt við Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, forstjóra Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum, um afskipti Seðlabankans af fyrirtækinu og kemur fram að forsvarsmenn fyrirtækisins hafi ekki vitað af því að það væri til rannsóknar hjá Seðlabankanum fyrr en fimm árum eftir að rannsókn hófst.

II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

1.

Með bréfi fjölmiðlanefndar, dags. 16. mars sl., var óskað eftir sjónarmiðum og upplýsingum Hringbrautar Fjölmiðla vegna þáttanna *Gjaldeyriseftirlitið* í þáttaröðinni Atvinnulífið.

Í bréfinu var vísað í 2. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla um bann við kostun á fréttum og fréttatengdu efni og 26. gr. laga um fjölmiðla um lýðræðislegar grundvallarreglur, en í 26. gr. er kveðið á um skyldu fjölmiðla til að gæta að hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni. Fram kom að ljóst mætti vera af framangreindum lagaákvæðum að óheimilt væri að kosta fréttir og fréttatengt efni. Þá bæri fjölmiðlum að gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram.

Óskaði fjölmiðlanefnd eftir eftirfarandi upplýsingum:

- Óskað var eftir sjónarmiðum Hringbrautar Fjölmiðla varðandi það hvort Hringbraut Fjölmiðlar teldu dagskrárliðinn til kynningarefnis, þ.e. viðskiptaboða, eða fréttatengds ritstjórnarefnis.
- Óskað var eftir upplýsingum um það hvort dagskrárliðirnir hafi verið kostaðir með einhverjum hætti og hver kostandi þeirra hafi þá verið.
- Væri það mat Hringbrautar Fjölmiðla að um væri að ræða fréttatengt efni óskaði fjölmiðlanefnd eftir sjónarmiðum Hringbrautar Fjölmiðla varðandi þær kröfur sem gerðar eru til hlutlægni í fréttum og fréttatengdu efni, sbr. 26. gr. laga um fjölmiðla, og hvort Hringbraut Fjölmiðlar teldu að þær kröfur hefðu verið uppfylltar í því dagskrárefni sem vísað var til í bréfinu.



FJÖLMIÐLANEFND

Loks minnti fjölmiðlanefnd á að fjölmiðlaveitur bera ábyrgð á því efni sem miðlað er á fjölmiðlum í þeirra eigu, sbr. 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla, óháð því hvort efnið er framleitt af fjölmiðlaveitunni sjálfri eða þriðja aðila.

Þess var óskað að svör Hringbrautar Fjölmiðla bærust nefndinni eigi síðar en 3. apríl 2018. Erindi fjölmiðlanefndar var ítrekað með tölvupósti 13. apríl 2018 þar sem engin formleg svör höfðu borist frá Hringbraut Fjölmiðlum.

2.

Með bréfi Hringbrautar Fjölmiðla, dags. 16. apríl 2018, bárust svör við bréfi nefndarinnar, dags. 16. mars. Þar kom fram að Hringbraut Fjölmiðlar væru í samstarfi við Sigurð K. Kolbeinsson um þættina Atvinnulífið. Hingað til hafi Hringbraut Fjölmiðlar tekið við þáttum frá honum og sýnt þá. Þá sagði í svörunum: „Ef farið hefur verið út fyrir reglur þar þá tökum við á okkur ábyrgð þar sem ritstjórnarlegt vald liggur okkar megin.“

Af svörum Hringbrautar Fjölmiðla og vísan til ritstjórnarlegrar ábyrgðar mátti ráða að þættirnir væri taldir til ritstjórnarefnis en ekki viðskiptaboða. Ekki kom fram í svörunum hvort þættirnir hefðu verið kostaðir með einhverjum hætti og hver kostandi þeirra hafi þá verið. Þá kom ekki fram í svörum Hringbrautar Fjölmiðla hvort fjölmiðlaveitan teldi að kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni, sbr. 26. gr. laga um fjölmiðla, hefðu verið uppfylltar í þáttunum.

3.

Þann 21. júní 2018 sendi fjölmiðlanefnd Hringbraut Fjölmiðlum annað erindi vegna málsins. Þar kom fram það frummat nefndarinnar að með miðlun þáttanna *Gjaldeyriseftirlitið* í þáttaröðinni Atvinnulífið á sjónvarpsstöðinni Hringbraut og vefnum Hringbraut.is hafi Hringbraut Fjölmiðlar brotið gegn 2. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla um bann við kostun á fréttatengdu efni. Jafnframt kom fram það frummat fjölmiðlanefndar að með miðlun þáttanna hafi Hringbraut Fjölmiðlar brotið gegn 26. gr. laga um fjölmiðla um lýðræðislegar grundvallarreglur, með því að gæta ekki að hlutlægni og nákvæmni í hinu fréttatengdu efni.

Fjölmiðlanefnd benti á að brot gegn ákvæðum VI. kafla laga um fjölmiðla, þar á meðal 2. mgr. 42. gr., gætu varðað stjórnvaldssektum samkvæmt n-lið 1. mgr. 54. gr. Fram kom að við ákvörðun sektar skuli m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaveitna af broti þegar það ætti við, sbr. 4. mgr. 54. gr. Þá væri fjölmiðlanefnd heimilt að gefa út álit vegna brota á lögnum, sbr. 3. mgr. 11. gr.



FJÖLMIÐLANEFND

Loks kom fram í erindinu að fjölmiðlanefnd vildi gefa Hringbraut Fjölmiðlum frekara færi á að koma skýringum og sjónarmiðum vegna málsins á framfæri áður en komist yrði að niðurstöðu um hugsanlegt brot gegn 2. mgr. 42. gr. og 26. gr. laga um fjölmiðla. Ítrekuð var beiðni nefndarinnar um upplýsingar og, eftir atvikum, staðfestingu á því að þættirnir *Gjaldeyriseftirlitið* í þáttaröðinni Atvinnulífið hafi verið kostaðir og hver kostandi þeirra hafi verið. Um þetta vísaði nefndin m.a. til fyrrgreinds viðtals Stundarinnar við Sigurð Kolbeinsson, þar sem hann fullyrti að Samherji hafi kostað þættina um gjaldeyriseftirlit Seðlabankans „að langmestu leyti“.

Ennfremur óskaði fjölmiðlanefnd eftir upplýsingum um tekjur Hringbrautar Fjölmiðla vegna ætlaðrar kostunar þáttanna. Þess var óskað að athugasemdir og sjónarmið Hringbrautar Fjölmiðla bærust nefndinni eigi síðar en 2. júlí 2018. Þann 3. júlí var erindið ítrekað.

Engin svör bárust frá Hringbraut Fjölmiðlum, hvorki við bréfi fjölmiðlanefndar né ítrekun nefndarinnar, og var málið tekið til ákvörðunar á fundi nefndarinnar 15. ágúst 2018.

III. Niðurstaða fjölmiðlanefndar

1.

Með kostun hljóð- og myndefnis er átt við hljóð- og myndsendingu í viðskiptaskyni sem tekur til hvers konar framlaga opinbers fyrirtækis, einkafyrirtækis eða einstaklings til fjármögnunar einstakra dagskrárliða með það fyrir augum að vekja athygli á heiti viðkomandi, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum, enda fáist viðkomandi hvorki við hljóð- né myndmiðlun né framleiðslu hljóð- eða myndverka, sbr. 27. tölul. 1. mgr. gr. laga um fjölmiðla.

Samkvæmt 1. mgr. 42. gr. sömu laga er fjölmiðlaveitu heimilt að afla kostunar við gerð og kaup hljóð- og myndmiðlunarefnis. Sá áskilnaður er þó gerður að kostandi hafi ekki áhrif á innihald, efnistöð eða tímasetningu kostaðs efnis og raski ekki ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði fjölmiðlaveitunnar.

Þrátt fyrir heimild 1. mgr. 42. gr. segir í 2. mgr. ákvæðisins að óheimilt sé að kosta fréttauðsendingar og fréttatengt efni. Ákvæðið á samsvörun í 4. mgr. 10. gr. hljóð- og myndmiðlunarstilskipunar 2010/13/ESB en í álitni nefndar á vegum Evrópuráðsins (Standing Committee on Transfrontier television on advertising and sponsorship) nr. 4/1995 segir að tilgangur ákvæðisins sé að forða því að notendur fjölmiðla rugli saman hlutlausum upplýsingum og auglýsingum. Hugtakið fréttatengt efni hefur af fræðimönnum verið talið vísa til dagskrárefnis sem tengist fréttum með beinum hætti, eins og fréttaskýringa og



FJÖLMIÐLANEFND

fréttagreininga. Um er að ræða efni sem byggist á vinnubrögðum gagnrýnnar rannsóknarblaðamennsku.

Auk framangreinds segir í 26. gr. laga um fjölmiðla að fjölmiðlaveita skuli í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skuli virða mannréttindi og jafnrétti og einnig friðhelgi einkalífs, nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Þá skuli fjölmiðlaveita gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, jafnt karla sem kvenna. Í umfjöllun um ákvæðið í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla segir:

Krafan um hlutlægni felur m.a. í sér að staðhæfingar sem settar eru fram skulu vera réttar og að allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram. En í þessu sambandi er vísað til m.a. faglegrar blaða- og fréttamennsku um að leitað sé margra heimilda og heimildarmanna til að sannreyna staðreyndir áður en upplýsingar eru birtar. Líta verður til félagslegra gilda fréttar og upplýsinga þar sem blaða- og fréttamenn þurfa með ábyrgum hætti að miðla upplýsingum og fréttum til notenda. Blaða- og fréttamenn bera því siðferðislega ábyrgð á því efni sem miðlað er og bera fyrst og fremst ábyrgð gagnvart notendum fjölmiðlanna.

Engin viðurlög eru við brotum á ákvæði 26. gr. laga um fjölmiðla en fjölmiðlanefnd er heimilt að gefa út álit vegna brota á lögnum, sbr. 3. mgr. 11. gr. Brot gegn ákvæðum VI. kafla laga um fjölmiðla, þar á meðal 1. og 2. mgr. 42. gr., geta hins vegar varðað stjórnvaldssektum samkvæmt n-lið 1. mgr. 54. gr.

2.

Í þáttunum *Gjaldeyriseftirlitið* ræðir þáttastjórnandinn, Sigurður K. Kolbeinsson, við hóp viðmælenda, þar á meðal forstjóra Samherja og lögmann sem sinnt hefur lögmannsstörfum fyrir Samherja, auk annarra, og rekja viðmælendur sínar hliðar á aðdraganda þess að Seðlabanki Íslands tók félagið Aserta AB til rannsóknar vegna meintra brota á gjaldeyrisreglum. Að mati fjölmiðlanefndar uppfylla þættirnir *Gjaldeyriseftirlitið* skilyrði þess að teljast fréttatengt efni, þar sem í þeim er að finna greiningu á máli sem verið hefur til umfjöllunar í fréttum og komið hefur til kasta héraðs dómstóla. Þá er framsetning þáttanna í anda fréttaskýringaþátta sem byggjast á gagnrýnni rannsóknarblaðamennsku.



FJÖLMIÐLANEFND

Í sjónvarpi voru þættirnir *Gjaldeyriseftirlitið* ekki auðkenndir sem kostað efni með skjámynd eða með öðrum hætti gefið til kynna að gerð þeirra hafi verið fjármögnuð af öðrum en fjölmiðlaveitunni sjálfri. Þættirnir virðast hins vegar auðkenndir sem viðskiptaboð á vef Hringbrautar, með orðinu „Kynning“. Ekki kemur fram hver eða hverjir kostendur þáttanna eru en líkt og fyrr greinir fullyrti Sigurður Kolbeinsson, stjórnandi þáttanna Atvinnulífið, að Samherji hefði kostað þættina „að langmestu leyti“, í viðtali á vef Stundarinnar 15. febrúar 2018. Með vísan til yfirlýsingar þáttastjórnanda á opinberum vettvangi og efnistaka þáttanna, auk kynningar þeirra á vef Hringbrautar, er að mati fjölmiðlanefndar hafið yfir skynsamlegan vafa að þættirnir *Gjaldeyriseftirlitið* hafi að hluta eða í heild verið kostaðir af því fyrirtæki sem til umfjöllunar var, Samherja hf. Sem fyrr segir er kostun fréttatengds efnis óheimil samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla. Þá er kostanda óheimilt að hafa áhrif á innihald, efnistöð eða tímasetningu kostaðs efnis og raska ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði fjölmiðlaveitunnar, samkvæmt 1. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla.

Umfjöllun í þáttunum *Gjaldeyriseftirlitið* einkennist að stærstum hluta af einhliða gagnrýni á rannsókn og framkvæmd gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands, án þess að sjónarmið fulltrúa bankans komi fram, nema í hljóðbrotum af samtali seðlabankastjóra og forstjóra Samherja hf., sem virðast tekin upp án vitundar seðlabankastjóra. Er framangreint til þess fallið að renna stoðum undir það að kostandi þáttanna, Samherji hf. hafi haft áhrif á innihald og efnistöð hins kostaða fréttatengda efnis og að um hafi verið að ræða einhliða umfjöllun sem ekki hafi verið í samræmi við hlutlægnikröfur 26. gr. laga um fjölmiðla.

Þá eru áhorfendur ekki upplýstir um það í fyrri þætti *Gjaldeyriseftirlitsins* að hæstaréttarlögmaður sá sem talað er við vegna málsins sé lögmaður Samherja. Er að mati fjölmiðlanefndar þvert á móti látið í það skína í fyrri þættinum að um sé að ræða hlutlaust mat lögmanns sem búi yfir sérfræðipækkingu á viðkomandi sviði, en svo sem fram hefur komið er upplýst um tengsl lögmannsins við Samherja í seinni þættinum með merkingum á borða neðst á skjánum.

Fram kemur á vef Hringbrautar og í inngangskynningu þáttastjórnanda að seðlabankastjóra hafi verið boðið að svara þeirri gagnrýni sem að honum og bankanum beinist í þættinum en hafi hann ekki séð sér fært að verða við því boði sökum anna. Af því má ráða að þáttastjórnandi hafi leitað eftir viðbrögðum [MG] vegna umfjöllunarinnar og þar með leitast við að gæta einhvers konar jafnvægis í þeirri umfjöllun sem miðlað var 3. og 10. október 2017. Ekki kemur fram hvort [IG] hafi jafnframt verið gefinn kostur á að svara þeirri gagnrýni sem fram kemur á störf hennar í þættinum. Þá er óvíst hvort sérfræðingar og embættismenn í hópi viðmælenda í þáttunum hafi verið upplýstir um það að þáttagerðin væri kostuð af Samherja hf. Í ljósi þess að dagskrárefnið var kostað af aðilum sem áttu hagsmuna að gæta og vart geta talist vilhallir



FJÖLMIÐLANEFND

seðlabankastjóra getur fjölmiðlanefnd ekki fallist á að með því að leita eftir viðbrögðum hans hafi jafnvægis og hlutlægni verið gætt í hinu kostaða, fréttatengda efni, sbr. þær kröfur sem gerðar eru í 26. gr. laga um fjölmiðla. Þvert á móti leiði kostun hagsmunaaðila á fréttatengdu dagskrárefni beinlínis til þess að kröfur 26. gr. um hlutlægni og nákvæmni geti ekki talist uppfylltar, einkum þegar umfjöllun er einhliða og í greinilega hliðholl viðkomandi kostanda.

Á meðal þess sem fram kemur í inngangsorðum þáttastjórnanda er að hljóðbrot sem leikin séu í þáttunum séu „algerlega á ábyrgð Þorsteins Más“, þ.e. forstjóra Samherja hf. Af því má ráða að símtalið hafi verið tekið upp án vitundar og samþykkis seðlabankastjóra, sem stríðir gegn 1. mgr. 48. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Með inngangsorðunum virðist gefið til kynna að kostandi þáttarins beri ritstjórnarlega ábyrgð á efni og miðlun hljóðbrota, ekki fjölmiðlaveitan. Þótt fallast megi á að einstakir viðmælendur beri sjálfir refsí- og fébótaábyrgð á ummælum sínum og athöfnum kemur slík ábyrgð ekki í veg fyrir ritstjórnarlega ábyrgð fjölmiðla og ábyrgðarmanna þeirra á grundvelli laga um fjölmiðla og verður sú ábyrgð ekki yfirfærð á kostendur, viðmælendur eða aðra utanaðkomandi aðila.

Vegna þessa telur fjölmiðlanefnd rétt að benda á að ákvæði 26. gr. laga um fjölmiðla leggur þá skyldu á fjölmiðlaveitu að virða friðhelgi einkalífs, sem varin er í 71. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Fjölmiðlaveitan Hringbraut Fjölmiðlar getur ekki vikið sér undan þeim lögbundnu skyldum og varpað ábyrgð þeirra vegna yfir á kostendur þátta eða aðra. Að mati fjölmiðlanefndar var gengið á rétt seðlabankastjóra til friðhelgi einkalífs með miðlun áðurnefndra hljóðbrota úr símtölum hans við forstjóra Samherja á opinberum vettvangi. Verður enda ekki séð að efni hljóðbrota sé af þeim toga að réttlæta megi miðlun þeirra með vísan til lýðræðishlutverks fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttar almennings.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að með miðlun þáttanna *Gjaldeyriseftirlitið* í þáttaröðinni *Atvinnulífið* á sjónvarpsstöðinni Hringbraut og vefnum Hringbraut.is hafi Hringbraut Fjölmiðlar brotið gegn 2. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla um bann við kostun á fréttatengdu efni og 1. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla, um bann við áhrifum kostenda á innihald og efnistöð kostaðs efnis. Jafnframt er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að Hringbraut Fjölmiðlar hafi brotið gegn 26. gr. laga um fjölmiðla um lýðræðislegar grundvallarreglur, með því að gæta ekki að hlutlægni og nákvæmni í hinu fréttatengda efni. Loks er það niðurstaða nefndarinnar að með miðlun hljóðbrota af símtali Þorsteins Más Baldvinssonar, forstjóra Samherja, við [MG] seðlabankastjóra, hafi Hringbraut Fjölmiðlar brotið gegn 26. gr. laga um fjölmiðla sem leggur þá skyldu á fjölmiðlaveitu að virða friðhelgi einkalífs.



FJÖLMÍÐLANEFND

Með vísan til þeirrar niðurstöðu hefur fjölmiðlanefnd ákveðið að leggja stjórnvaldssekt á Hringbraut Fjölmiðla í samræmi við n-lið 54. gr. laga um fjölmiðla. Telur fjölmiðlanefnd hæfilegt að sektin nemi 500.000 kr. en við ákvörðun sektar var tekið mið af eðli brots og alvarleika þess.

IV. Ákvörðunarorð

Hringbraut Fjölmiðlar braut gegn 1. og 2. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla með óheimilli kostun fréttatengds efnis í þáttunum Gjaldeyriseftirlitið, í þáttaröðinni Atvinnulífið, sem sýndir voru á Hringbraut 2. og 10. október 2017. Þá braut Hringbraut Fjölmiðlar gegn 26. gr. laga um fjölmiðla um lýðræðislegar grundvallarreglur, með því að gæta ekki að rétti viðmælanda til friðhelgi einkalífs og að hlutlægni og nákvæmni í hinu fréttatengda efni.

Hringbraut greiði 500.000 kr. í stjórnvaldssekt.

Halldóra Þorsteinsdóttir

Björn Vignir Sigurpálsson

Kolbrún Sævarsdóttir

Róbert H. Haraldsson